

Staðfesting forsetans á Skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Gunnlaugs Jónssonar, Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð Gunnlaugs Jónssonar, Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Gunnlaugs Jónssonar, Akranesi. Er sjóðurinn stofnaður af syni hans Jóni Einari, héraðslækni, hinn 28. apríl 1969. Gunnlaugur lauk kennaraprófi vorið 1926, en Jón Einar 1957.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur — og eru þær nú ávaxtaðar í sparisjóðsbók nr. 127560 í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að verðlauna með vönduðum penna beztan frágang í skriflegum úrlausnum og prófum í 4. bekk Kennaraskóla Íslands eða lokaprófum í almennu kennaranámi, ef skipulagi skólans verður breytt, og styrkja efnilegan kennara til framhaldsnáms í skrift eða annarra gagnsamlegra starfa í þágu skriftarkennslunnar í landinu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins og dómnefnd skipa aðalskriftarkennari skólans, skólastjóri og aðalmóðurmálskennari í lokabekk skólans hverju sinni.

Þegar styrkir eru veittir úr sjóðnum, skal stofnandi hans vera með í ráðum, svo lengi sem hans nýtur við.

5. gr.

Sjóðinn skal varðveita á tryggilegan og hagkvæman hátt, svo sem í verðtryggðum skuldabréfum.

Eigi má skerða stofnfé sjóðsins, heldur leggja við hann vexti þá, sem ekki er varið til verðlauna eða styrkveitinga ár hvert, en til verðlauna eða styrkja skal aldrei verja fram yfir 75% ársvaxta. Heimilt er að veita sama aðila styrk til allt að þriggja ára, eftir því, sem afgangur vaxta endist til. Öðru fremur skal styrkja nema til þess náms eða þeirra ritstarfa, er koma skriftarkennslu í landinu að sem almennustum notum. Sjóðsstjórn metur, hvernær hún telur sjóðinn hafa bolmagu til styrkveitinga.

6. gr.

Reikninga sjóðsins annast skólastjóri, og skulu þeir birtir í skólaskýrslum ásamt vottorði endurskoðenda.